

ÓLAFUR R. EINARSSON:


Óhætt er að fullyrða, að samskipti Íslendinga við erlent vald, hvort sem um hefur verið að ræða ríki eða fjölþjóðafyrirtæki, hafi valdið mestum deilum í Íslenskum stjórnámálum allt frá því Ísland varð fullvalda ríki árið 1918. Í því sambandi mun herstöðvamálið hafa valdið hörðustum deilum, en hér verður ekki vikið neitt að ráði að því máli, enda nýlega verið fjallað um það ýtarlega á þessum vettvangi; heldur verður hér á eftir vikið að þeim deilum sem hér hafa orðið vegna samninga við útlendinga um landhelgina og samskipti ráðandi stéttar við erlend auðfyrirtæki.

Hverjir eru óþjóðlegir?

Þegar það flokkakerfi, sem við enn búum við, var í mótnun á þriðja áratug 20. aldarinnar, lögðu stjórnmaðlaforingjar mikið upp úr því að sýnast sem þjóðlegastir í augum kjósenda og reyndu að fá á sig svipmót foringjanna úr sjálfstæðisbaráttunni við dani. Þannig lagði Sjálfstæðisflokkurinn og fyrirrennarar hans, lhaldsflokkurinn og Frjálslyndi flokkurinn, mikla áherslu á, að flokkurinn væri róttækastur allra í sjálfstæðismálinu. Framsóknarflokkurinn með Jónas frá Hriflu í fararbroddi lagði áherslu á, að flokkurinn væri sprottinn úr íslenskri bændameningu, einkum þingeyskri og hafnaði erlendri hugmyndafræði. Í áróðri þessara hægri- og miðflokka var sífellt hamrað á því, að Alþýðuflokkurinn og síðar kommúnistar væru flokkar af erlendum toga spunnir og ættu ekki heima, né erindi í íslenskum stjórnámálum. Á sama tíma breiddu þessir aðilar yfir erlendan uppruna sinn, þ.e. Sjálfstæðisflokkurinn taldi frjálsbyggju (liberalismann) Íslenska uppfinningu og framsóknarmenn töldu kooperatívismann, eða samvinnustefnuna, alþingeyskt fyrirbrigði! Svo áhrifaríkur hefur þessi áróður verið að Íslandsögukennslubækur í dag bera keim af þessu. Á millistríðsárunum tekst t.d. Sjálfstæðisflokknum og þá sérstaklega Morgunblaðinu að telja fólk trú um, að Alþýðuflokkurinn væri óþjóðlegur og vilhallur dönum, enda háður dönskum krötum fjárhagslega og því ekki treystandi í sjálfstæðismálunum. Óhætt er að fullyrða að Sjálfstæðisflokknum hafi tekist á millistríðsárunum að skapa sér fjöldafylgi, einmitt með róttækri stefnu í sjálfstæðismálum. Foringjum flokksins, Jóni Þorlákssyni og Ólafi Thors, tekst, þrátt fyrir vixlspor í samskiptum við breskt og spænsk fjármálavald, að koma einarölega fram gagnvart erlendu valdi. Skýrast birtist það er Jón Þorláksson og Bjarni frá Vogu hindra útlend eða hálfútlend auðfélög í að nýta fossana, en slík félög höfðu tryggt sér vatnsréttindi í flestum innlendum fallvötnum. En skýrast birtist þó hin sjálfstæða stefna í málflutningnum er fylgdi stofnun lýðv. 1944, því þá er Alþýðuflokkurinn dragbitur á lýðveldisstofnunina en Sjálfstæðisflokkurinn undir forystu Bjarna Benediktssonar er í forystu fyrir hraðskilnaðarmönnum, ásamt Sósíalístaflöknum. En með stofnun lýðveldisins lýkur jafnframt hinum sjálfstæða og þjóðlega ferli Sjálfstæðisflokksins og aðeins stöku sinnum heyrir þaðan rödd í anda hinnar róttæku sjálfstæðisstefnu. Alla sögu hins íslenska lýðveldis hefur það orðið hlutskipti Íslenskrar verkalyðshreyfingar og sósíalískra forystuflokka hennar að standa vörð um íslenskt þjóðfrelsi og sjálfstæði og hindra hin óþjóðlegu öfl í að fórna sjálfsforæði þjóðarinnar á altari bandarískrar heimsvaldastefnu eða alþjóðlegs hringavalds.

Ósjálfstæð og auðtrúa borgarastétt

Hér verður ekki rakin herleiðing íslenskrar borgarastéttar í



Þessa stóru tölvusamstæðu leigir eitt stærsta iðnfyrirtæki heims íslenskum aðilum. IBM hefur þegjandi og hljóðalaust komið sér upp mikilli einokunarstöðu á Íslandi. Að því er vikið í greininni.

Samskipti Íslendinga við erlent vald

frosthórku kalda stríðsins, hvernig hlutleysinu var fórnað á altari hernaðarbandalagsins eða „látið land af okkar landi“ undir bandarískt vighreiður. Vikjum frekar að því máli, er nefnt hefur verið lífshagsmunamál íslensku þjóðarinnar, landhelgismálinu.

Í landhelgismálinu reynir ávallt á þórlifin í hverju Íslendingi, þá kristallast þeir mannkostir sem fylgja því að vera Íslendingur. En ávallt birtast þá einnig meðal vor talsmenn erlends valds. Þegar tekin var ákvörðun um útfærsluna í 4 mílur árið 1952 óttuðust margir, að sú borgarastétt sem sýnt hafði ósjálfstæði sitt í samskiptum við bandaríska herveldið og verið auðtrúa gagnvart áróðri kalda stríðsins, að sú sama borgarastétt myndi ekki sýna þjóðlega reisu, ef breska ljónið sýndi vigtunnurnar og framkvæmdi hótanir sínar um viðskiptaþvinganir.

En þrátt fyrir óþjóðlegheit og ósjálfstæði kaldastríðsáranna, voru enn menn í röðum borgarastéttarinnar er mundu hina róttæku sjálfstæðisstefnu, menn eins

og Pétur Ottesen og Ólafur Thors. Af reisu var hótunum breta svarað og þegar löndunarbanni var skellt á, þá hafði meira að segja helsti postuli kalda stríðsins, Bjarni Benediktsson, einurð til að svara slíkri valdþingingu með viðskiptasamningum við „erkifjandann“ í austri, Sovétríkin. Þannig var ekki látið undan hótunum og viðskiptaþvingunum, heldur haldið þjóðlegri reisu og andstæðingurinn beygður.

En snögg geta veðrabrigði orðið í stjórnámálum. Þegar Alþýðubandalaginu tókst að fá Framsóknarflokkinn með í að stíga næsta skrefið, og kratana til að drattast með, þá tók Sjálfstæðisflokkurinn afstöðu gegn útfærslunni í 12 mílur sem vinstri stjórnin ákvað. Talað var um ævintýrapólitík kommúnista og þjóðareining náðist ekki fyrr en breskir vígdrekar sigldu inn í íslenska landhelgi 1. sept. 1958. Og er átök in drögust á langinn og bretar sýndu ekki á sér fararsnið, þá lét hin óþjóðlega borgarastétt á sér bilbug finna og gekk til samninga.

Hin óþjóðlega stefna í áratug

Aldrei hefur undanlátssemi í samskiptum Íslendinga við erlent vald verið meiri en á sjöunda áratugnum. Allan þann tíma sat Sjálfstæðisflokkurinn við völd með stuðningi lítils og auðsveips krataflokks. Byrjað er á því að beygja sig fyrir röksemdum Atlantshafsbandalagsins um nauðsyn samninga við breta og samið um að í þessu lífshagsmunamáli, skuli Íslendingar verða í framtíðinni að hlíta úrskurði alþjóðlegs gerðardóms. En fleiri blíkur voru á lofti árið 1961 er ógnuðu framtíð íslensks sjálfstæðis. Það ár urðu miklar umræður um inngöngu Íslands í Efnahagsbandalagið og stærstu hagsmunasamtök Íslenskrar borgarastéttar lýstu fylgi sínu við inngöngu, en aðeins ASÍ lýsti yfir eindreginni andstöðu við, að þjóðin gerðist „feitur þjónn“ erlends valds. Það var einmitt á því herrans ári, sem viðskiptaráðherra, Gylfi Þ. Gíslason, lét þau orð falla. að

kannski væri besta leiðin til að vernda sjálfstæðið að fórna því. Ekki var annað sýnna en að valdsmenn teldu sjálfstæði smáþjóðar eiga best heima á forn-gripasafni. Þvermóðska De Gaulle tók aftur á móti Efnahagsbandalagsmálið af dagskrá, er hann sýnjabí bretum inngöngu.

En áfram var haldið í undirlægjuhætti. Á síðari hluta áratugsins var vikið frá þeirri grundvallarstefnu sem mörkuð hafði verið í sjálfstæðisbaráttunni, að hleypa ekki erlendu fjármagni inn í íslenskt atvinnulíf. Þá var vikið frá þeirri stefnu, að atvinnuvegirinn ættu að vera í höndum Íslendinga sjálfra. Árið 1966 var samið við svissneska álhringinn og um líkt leyti var bandaríska fyrirtækinu John Manville veitt aðstaða til að hagnýta náttúruauðindina á botni Mývatns. Þannig var meirihluti alls fjármagns í iðnaði á Íslandi kominn í erlendar hendur. Samningar þessir hafa í tímans rás sýnt, hve íslensk borgarastétt er gjörsamlega ófar um að semja við erlenda aðila, raforkusamningurinn við svissneska álhringinn var slíkur smánarsamningur, að hver sjálfstæður fjármála-maður með snefil af sjálfsvirðingu myndi fyrirverða sig fyrir að hafa gert slíkan samning og láta hlunnfara sig eins og samningmenn úr forystu Sjálfstæðisflokksins létu gera. Það sýndi sig, að forkollur Sjálfstæðisflokksins voru svo auðtrúa gagnvart þeim áróðri hringsins, að raforka væri að verða úreltur orkugjafi, að þeir sömdu eins og solumaður, sem var að flýta sér að losna við vöru, er brátt yrði óseljanleg. En því miður hefur það sýnt sig í fleiri samningum við erlenda aðila, að íslenskir valdhafar hafa verið á móta auðtrúa og gleypst við röksemdum viðsemjenda.

Það setti svip sinn á stjórnmaðlaþróun sjöunda áratugsins að íslensk borgarastétt var að missa trúna á möguleika sína til sjálfstæðs atvinnurekstrar, hún virtist hafa valið þá leið að verða umbóðsaðili en ekki sjálfstæður atvinnurekandi í íslensku efnahagslífi. Sú stefna að gera Ísland að láglaunasvæði og bjóða íslenska orku fala fyrir lítið, sannar uppgjöf borgarastéttarinnar. Það hvernig undirstöðuatvinnuvegirinn, sjávarútvegur og landbúnaður voru vanræktir staðfestir enn frekar uppgjöfina og ósjálfstæði íslenskrar borgarastéttar.

